

Grundarfjarðarbær
Borgarbraut 16
350 Grundarfirði

Stykkishólmi 31. október 2025

Efni: Deiliskipulag suðursvæðis Grundarfjarðarhafnar- skipulagslýsing

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar skipulagslýsingu vegna deiliskipulags suðursvæðis Grundarfjarðarhafnar. Nefndin hefur farið yfir skipulagslýsinguna og gerir ekki athugasemd á þessu stigi málsins.

Breiðafjarðarnefnd vill þó benda á að skipulagssvæðið er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.¹ Því telur nefndin mikilvægt að hugað verði að áhrifum skipulagsins á svæðið utan skipulagsmarka til að forðast rask á verndarsvæði Breiðafjarðar og landslag utan hafnarsvæðisins.

Breiðafjarðarnefnd bendir einnig á tilvist framandi tegunda sem hafa numið land á hafnarsvæðum Breiðafjarðar, þar á meðal í Grundarfjarðarhöfn. Nefndin telur að nýta mætti niðurstöður rannsóknar Breiðafjarðarnefndar frá árinu 2025² til að vinna að því að takmarka útbreiðslu framandi tegunda og dultegunda í höfninni.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar

¹ Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

² Sindri Gíslason, Sigríður Vala Finnsdóttir, Joana Micael. (2025). *Breiðafjörður - Úttekt á framandi tegundum í höfnum*. Náttúrustofa Suðvesturlands. <https://www.breidafjordur.is/utgafa/samstarfsverkefni>